Kenndu mér að kyssa rétt

Texti: Skafti Sigþórsson

Lag: Hendrik Konrad Rasmus

Kenndu mér að kyssa rétt
og hvernig á að faðma nett.
Hvernig á að brosa blítt
og blikka undur þýtt.
Ég, sem er svo ungur enn,
af ástarþránni kvelst og brenn,
tækifærin fæ ég ei
því flestar segja: Nei.

Og vona minna fagra fley
er flotið upp á sker.
Þú veist að gjörvöll gæfa mín
er geymd í hendi þér.

Kenndu mér að kyssa rétt
og hvernig á að faðma nett.
Þú færð í laun minn ástaryl
það er allt sem ég á til.

Höfundaskráning: https://static-media.guitarparty.com/pdf_songbooks/guitarparty-a4pg-7473-28869-568.pdf

Textaheimild: varðveitt söngtextaskjal úr safni Ragga Bjarna. Höfundar halda réttindum sínum.